

Borgarstjórn Reykjavíkur
2. október 2018

Tillaga borgarfulltrúa Miðflokksins um óháða rannsókn vegna braggans í Nauthólsvík

Borgarstjórn samþykkir að óháður aðili rannsaki hvers vegna framkvæmdir við endurgerð braggans í Nauthólsvík fóru langt fram úr kostnaðaráætlunum. Til grundvallar rannsókninni verði athugað hverjir höfðu umsjón með verkefninu, gáfu heimildir fyrir framúrkeyrslunni, hvort verkefnið hafi verið boðið út og hvaða verktakar unnu að verkinu.